

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík



Reykjavík, 22. október 2018

### **Efni: Sjúkratryggingar (heilbrigðisþjónusta í hagnaðarskyni) (Mál nr. 11/2018)**

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um frumvarp sem bannar ráðherra að semja við veitendur heilbrigðisþjónustu sem eru reknir í hagnaðarskyni.

### **Frumvarpið ekki til þess fallið að draga úr kostnaði við heilbrigðisþjónustu**

Viðskiptaráð leggst gegn frumvarpinu. Þótt markmiðið sé göfugt, það er að segja að reyna að draga úr kostnaði heilbrigðisþjónustu, eru lítil sem engin rök færð fyrir því í greinargerð frumvarpsins að frumvarpið leiði til minni kostnaðar eða meiri gæða heilbrigðisþjónustu en ella. Viðskiptaráð telur engu að síður rétt og beinlínis nauðsynlegt að ná fram sem mestu hagræði í heilbrigðisþjónustu, það er að sem mestur árangur náist með sem minnstum tilkostnaði. Frumvarpið stefnir ekki markvisst að því markmiði heldur virðist það frekar byggja á hugmyndafræðilegum grundvelli þeirra sem það flytja.

Í þessu samhengi má benda á skýrslu ráðgjafafyrirtækisins McKinsey um Landspítalann, þar sem segir að í heilbrigðiskerfum sem fjármögnuð eru af hinu opinbera hafi einkarekstur í mörgum tilvikum sannað kosti sína umfram ríkisrekna þjónustu. Frumvarp þetta myndi fækka þeim kostum ef ekki útrýma þeim með öllu. Ennfremur yrði með breytingunni virði eignarhluta í fyrirtækjum á heilbrigðissviði rýrður umtalsvert.

Þá myndi samþykkt frumvarpsins einnig draga úr hvötum eigenda og rekstraraðila fyrirtækja í heilbrigðisrekstri til þess að lágmarka kostnað þar sem þeir njóta ekki ágóðans. Þar að auki gæti frumvarpið skapað hvata til undanskota ágóða með öðrum hætti, eins og til dæmis að reikna eigendum mjög há laun.

### **Hagnaður eðlilegur hluti rekstrar**

Að lokum skal því haldið til haga að hagnaður og arður eru í eðli sínu ekki annað en gjald fyrir afnot af fjármagni. Fyrir fjármagn eru greiddir vextir ef um lán er að ræða en arður ef um eignarhald er að ræða. Arður er í raun eðlilegur hluti af öllum rekstri líkt og vaxtagreiðslur, húsaleiga, launakostnaður og svo framvegis. Kosturinn við arðgreiðslur er að þær fara aðallega eftir því hvernig reksturinn gengur og hvort staðið sé í miklum fjárfestingum. Með því að leggja til bann við einum rekstrarlið í einum geira er dregið úr sveigjanleika í rekstri og fyrirtækjum mismunað eftir tegund rekstrarins.

Ýmis tækifæri eru á því að efla starfsemi Sjúkratrygginga. Samþykkt frumvarps myndi ekki leiða til þess og er það mat Viðskiptaráðs að til lengri tíma litið myndi það veikja heilbrigðiskerfi Íslendinga.

**Viðskiptaráð leggst gegn því að frumvarpið verði að lögum.**

Virðingarfyllst,

Gunnar Dofri Ólafsson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands